



Láναςjóður sveitarfélaga ohf.

GRUNNLÝSING

Skuldabréfaútgáfa október 2008

LSS150224

EFNISYFIRLIT

Samantekt	3
1 Áhættuþættir	5
1.1 Útlánaáhætta	5
1.2 Áhætta vegna samningsskuldbindinga	6
1.3 Vaxta-, verðbólgu- og gjaldeyrisáhætta	6
1.4 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta	6
1.5 Rekstraráhætta	6
1.6 Starfsmannaáhætta	7
1.7 Lagaleg áhætta	7
1.8 Áhætta tengd skuldabréfunum	7
1.9 Endurgreiðsluáhætta	7
1.10 Markaðs- og seljanleikaáhætta	7
2 Ábyrgir aðilar	8
2.1 Útgefandi	8
2.2 Yfirlýsing útgefanda	8
2.3 Yfirlýsing endurskoðanda	8
3 Tilkynning til fjárfesta	8
4 Skjöl til sýnis og skjöl felld inn með tilvísun	9
5 Upplýsingar um skuldabréfin	9
5.1 Upplýsingar um útgefanda	9
5.2 Samþykki skuldabréfaútgáfunnar	9
5.3 Tilgangur útgáfunnar	9
5.4 Endanlegir skilmálar	9
5.5 Ítarupplýsingar um skuldabréfin	11
6 Veðhæfi útgáfunnar hjá Seðlabanka Íslands	12
7 Fjárhagsupplýsingar	12
7.1 Þróun fjárhags og afkomu 2006-2007	12
7.2 Árshlutareikningur 30. júní 2008	13
7.3 Breyting á fjárhagsstöðu eftir 30. júní 2008	13

SAMANTEKT

Samantektin er útdráttur úr grunnlýsingunni. Athygli fjárfesta er vakin á því að samantektina skal lesa sem kynningu á grunnlýsingunni og að ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfum útgefanda skal tekin á grundvelli lýsingarinnar í heild sinni. Jafnframt er athygli fjárfesta vakin á því að ef farið er til dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í grunnlýsingunni gæti fjárfestir sem stefnir þurft að greiða kostnað við þýðingu á grunnlýsingunni áður en málarekstur hefst og að einstaklingar eða lögaðilar, sem útbúið hafa samantektina og sóttu um staðfestingu á samantektinni hjá Fjármálaeftirlitinu, geta sætt skaðabótaábyrgð skv. almennum reglum þar að lútandi en þó einungis ef samantektin er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta grunnlýsingarinnar.

Útgefandinn

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, Reykjavík, er opinbert hlutfélag í eigu íslenskra sveitarfélaga sem eru 78 að tölu. Nafnverð hlutfjár félagsins er 5.000.000.000 ISK og er Reykjavíkurborg stærsti hluthafinn með 17,5% hlut og er Reykjavíkurborg eini hluthafinn með virkan eignarhlut. Aðrir stórir hluthafar eru Vestmannaeyjabær með 5,8%, Kópavogsbær með 5,5%, Akureyrarkaupstaður með 5,5% og Hafnarfjarðarbær með 4,3% hlut. Tilgangur félagsins er að tryggja sveitarfélögunum og fyrirtækjum þeirra lánsfé á hagstæðum kjörum til verkefna sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Stjórn og stjórnendur

Stjórn lánasjóðsins er kjörin árlega á aðalfundi og skipa hana nú:

Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri, Sveitarfélaginu Skagaströnd, (formaður)
Anna Skúladóttir, framkvæmdastjóri fjármála Orkuveitu Reykjavíkur
Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri Seltjarnarneskaupstað
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæ
Svanfríður Inga Jónasdóttir, bæjarstjóri Dalvíkurbyggð

Núverandi framkvæmdastjóri er Þorsteinn Þorsteinsson, en hann lætur af störfum um næstkomandi áramót. Viðtakandi framkvæmdastjóri er Óttar Guðjónsson og hefur hann þegar tekið til starfa hjá félaginu. Eru þessir starfsmenn einu starfsmenn félagsins, en fyrirhugað er að fjölga starfsmönnum um einn. Lánasjóðurinn hefur gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga sem lætur honum í té almenna skrifstofuþjónustu. Sigurður B. Arnþórsson, endurskoðandi, PriceWaterhouseCoopers hf. er endurskoðandi félagsins.

Saga, þróun og horfur sjóðsins

Lánasjóður sveitarfélaga hóf starfsemi árið 1967 og starfaði á grundvelli laga um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 35/1966 til ársloka 2004. Var sjóðurinn á þeim tíma byggður upp fjárhagslega með framlögum sveitarfélaganna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og ennfremur með framlögum úr ríkissjóði, en sjóðurinn tók í minna mæli lán til endurlána. Með lögum um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004, sem felldu úr gildi hin eldri lög, voru nefnd framlög felld niður og færðist forræði á sjóðnum til sveitarfélaganna að mestu með hinum nýju lögum. Jafnframt voru ákvæði í hinum nýju lögum um að lánasjóðurinn yrði lánafyrirtæki sem myndi starfa undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og fékk lánasjóðurinn starfsleyfi frá eftirlitinu í ágúst 2005.

Sveitarfélögin mótuðu í framhaldi af lagabreytingunni nýja stefnu fyrir sjóðinn þar sem gert var ráð fyrir að hann myndi gegna mikilvægara hlutverki í fjármögnum verkefna sveitarfélaganna en áður hafði verið. Með lögum um stofnun opinbers hlutfélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006 var Lánasjóði sveitarfélaga síðan breytt í opinbert hlutfélag í eigu allra íslenskra sveitarfélaga og féllu áðurnefnd lög nr. 136/2004 þá úr gildi. Í lögum er eignarhald á sjóðnum takmarkað við sveitarfélögin og félög sem að fullu eru í eigu sveitarfélaganna. Þrátt fyrir breytinguna halda ákvæði í lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og í lögum um fjármagnstekjuskatt nr. 94/1996 um undanþágu lánasjóðsins frá greiðslu slíkra skatta gildi sínu.

Áætlanir um auknið hlutverk lánasjóðsins í fjármögnun á verkefnum sveitarfélaganna frá 2004 hafa gengið eftir eins og fram kemur í töflunni hér að neðan um þróun útlána en auk eigin fjár hefur sjóðurinn aflað fjár með lántökum til endurlána.

Þróun útlána Lánasjóðs sveitarfélaga árin 2002-2007 í m.kr.

ÁR	2002	2003	2004	2005	2006	2007
ÚTLÁN	2.103	2.667	3.167	9.275	9.099	9.887

Þrátt fyrir að útlán hafi aukist hefur verið haldið fast við þá reglu að eingöngu er lánað til sveitarfélaga eða fyrirtækja sem að fullu eru í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs gegn ábyrgð eigendanna. Lánasjóðurinn hefur einnig þá meginstefnu að krefjast veðs í tekjum sveitarfélaganna sem tryggingu fyrir

lánnum til þeirra og ábyrgðum sem þau veita, en sveitarfélögin hafa heimild til að veita sjóðnum slík veð, sbr. 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Lánasjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967 og vanskil hafa ætíð verið hverfandi og voru engin í árshlutauppgjöri 30. júní 2008.

Með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur á lánsfjármörkuðum bæði innanlands og utan sem skert hefur aðgang sveitarfélaganna að lánsfé að öðru leyti, er búist við að áfram verði eftirspurn eftir þjónustu lánasjóðsins.

Samhliða aukningu útlána hefur rekstur og efnahagur haldið áfram að þróast eins og fram kemur í yfirlitinu hér á eftir.

Fjárhagsstaða útgefanda

Hér fyrir neðan er að finna samandregnar fjárhagslegar upplýsingar fyrir árin 2006-2008. Vaxtatekjur hafa farið vaxandi með vaxandi útlánnum og hagnaður einnig. Útistandandi lán hafa vaxið úr 32 milljörðum ISK í árslok 2006 í 44 milljarða ISK um mitt ár 2008.

Fjárhagslegar upplýsingar fyrir árin 2006-2008

Rekstur tímabils m.kr.	1H2008	1H2007	2007	2006
Hreinar vaxtatekjur	1.698,1	597,2	1.385,3	1.138,8
Aðrar rekstrartekjur	(494,9)	115,0	(96,5)	120,5
Almennur rekstrarkostnaður	40,5	30,4	69,5	63,7
Hagnaður tímabilsins	1.162,7	681,8	1.219,3	1.194,8

Efnahagur í lok tímabils m.kr.	30.06 2008	31.12 2007	31.12 2006
Útlán	44.316,5	39.267,2	31.691,9
Aðrar eignir	4.800,0	2.466,1	2.274,7
Langtímaskuldir	35.430,2	29.254,8	21.956,6
Aðrar skuldir	2.475,6	2.430,4	3.181,3
Eigið fé	11.210,7	10.048,0	8.828,7
CAD-hlutfall	112,0%	112,3%	120,1%
CAD-hlutfall Basel II	86,6%		

Breyting á fjárhagsstöðu eftir 30. júní 2008

Lánasjóðurinn hefur notað skiptasamninga til að stýra gjaldeyrisstöðu sinni og koma í veg fyrir gjaldeyrisáhættu og hefur í því sambandi gert samninga við einn innlendan viðskiptabanka. Í skýringu 14 á bls. 12 í samandregnum árshlutareikningi 30. júní 2008 kemur fram að eign lánasjóðsins í slíkum samningum er 509.552.846 ISK en skuld 175.119.912 ISK. Líklegt má telja að nettóeign skv. samningunum geti orðið almenn krafa í þrotabú viðkomandi banka og komi því til lækkunar á hagnaði lánasjóðsins á síðari hluta ársins 2008. Nettóeignin fer hækkandi með lækkandi gengi ISK og hefur því hækkað frá árshlutauppgjörinu 30. júní 2008. Eigi að síður er gert ráð fyrir að hagnaður lánasjóðsins fyrir árið 2008 verði nokkuð meiri en var á árinu 2007.

Þá má einnig gera ráð fyrir að aðgangur lánasjóðsins að erlendum lánsfjármörkuðum verði lakari í næstu framtíð en hann hefur verið og að erlent lánsfé verði á óhagstæðari kjörum. Þetta mun hafa neikvæð áhrif á getu sjóðsins til að tryggja sveitarfélögunum lánsfé á hagstæðum kjörum. Líklegt er að lánasjóðurinn verði vegna þessa háðari innlendum lánsfjármarkaði um lánsfjáröflun en áður var.

Skjöl til sýnis

Meðan grunnlýsing þessi er í gildi er hægt að nálgast eftirfarandi skjöl á skrifstofu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík, og á heimasíðu sjóðsins www.lanasjodur.is

Grunnlýsing þessa.
Samþykktir lánasjóðsins.
Samandreginn árshlutareikning 30. júní 2008.
Ársreikninga fyrir árin 2006 og 2007.

Áhættuþættir

Áhættuþættir skuldabréfanna eru útlánaáhætta, áhætta vegna samningsskuldbindinga, vaxta-, verðbólgu-gjaldeyris-, lausafjár- og fjármögnunaráhætta. Við þetta bætist rekstrar- og starfsmannaáhætta sjóðsins. Fjárfestum er jafnframt bent á lagalega áhættu, endurgreiðsluáhættu ásamt markaðs- og seljanleikaáhættu sem fylgir kaupum á bréfunum.

Útgáfa skuldabréfanna

Stjórn sjóðsins heimilaði á fundi sínum þann 10. október 2008 útgáfu skuldabréfa sem næmi allt að 15.000.000.000 ISK að nafnvirði til að afla sjóðnum lánsfjár til endurlána. Á grundvelli þeirrar samþykktar hefur verið stofnaður skuldabréfaflokkur með einkenninu LSS150224 og ISIN-númerinu IS0000018869. Nafnverðseiningin er 1 ISK. Um er að ræða verðtryggt skuldabréf með grunnvísitölu í október 2008 sem er 312,8 stig með 3,75% nafnvöxtum en bréfin eru jafngreiðslubríf með tvo gjalddaga á ári, 15. febrúar og 15. ágúst. Sótt verður um að skuldabréfin verði tekin til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. Ekki er áformað að óska eftir að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á öðrum mörkuðum. Þá verða skuldabréfin rafrænt skráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf.

Lánasjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma.

Útboð

Innlendum bönkum og verðbréfafyrirtækjum verður boðið að taka þátt í útboðum á skuldabréfunum, en búist er við að innlendir lífeyrissjóðir verði helstu endanlegu kaupendur skuldabréfanna.

Fyrsta útboði skuldabréfa í flokknum fór fram 24. október 2008. Tekið var tilboðum að fjárhæð að nafnvirði samtals 4.500.000.000 ISK og var ávöxtunarkrafa í útboðinu 5,0%, sölugengið því 93,3584 og söluverðmæti bréfanna samtals ISK 4.201.128.000. Fyrsti vaxtadagur skuldabréfanna verður 29. október 2009.

Ráðgerð eru fleiri útboð skuldabréfa í þessum flokki og verður tilkynnt síðar um tímasetningar í því sambandi.

Kostnaður við útgáfuna

Söluþóknun vegna sölu þeirra á skuldabréfunum til endanlegra fjárfesta er ákveðið sem hlutfall af söluverði bréfanna. Lánasjóðurinn greiðir einnig kostnað vegna rafrænnar skráningar skuldabréfaflokksins hjá Verðbréfaskráningu Íslands ásamt árlegu gjaldi sem er hlutfall af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Ennfremur greiðir Lánasjóður sveitarfélaga fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. ásamt árlegu gjaldi sem er hlutfall af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni.

1 ÁHÆTTUÞÆTTIR

Sem lánafyrirtæki stendur lánasjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnum stjórnenda hans er að meta þá áhættu, stýra henni og halda innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustjórnun eru greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar lánasjóðsins er að greina alla helstu áhættuþætti sem fylgja starfsemi hans, innleiða aðferðir til að fylgjast með þeim, meta þá reglulega, viðhalda eftirliti og reglum til að halda viðkomandi áhættuþáttum innan skilgreindra viðmiða.

Stjórn lánasjóðsins setur reglur um áhættustýringu hans og ber ábyrgð á því gagnvart eigendum að þeim sé framfylgt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu lánasjóðsins gagnvart stjórninni. Hann gerir tillögur til stjórnar um nánari reglur um hana, skilgreinir áhættuviðmið eftir því sem þörf krefur og hefur eftirlit með því að reglunum sé framfylgt.

Þá ræður stjórnin innri endurskoðanda í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins. Hlutverk hans er að fylgjast með starfsemi til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnarinnar. Stefna lánasjóðsins er að ytri endurskoðandi og innri endurskoðandi séu ekki sami aðilinn.

Lánasjóðurinn er milligönguaðili milli íslenskra sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra annars vegar og fjármálamarkaða, innlendra sem erlendra hinsvegar. Meginmarkmið sjóðsins er að tryggja fyrrgreindum aðilunum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útlánaáhætta er því helsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins en áhættuþættir eins og lausafjárahætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta koma einnig til í starfsemi. Markaðsáhætta er haldið í lágmarki en hún er þó til staðar í formi vaxtaáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

1.1 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta lánasjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfaríð í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart sjóðnum. Í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 er sveitarfélögum heimilað að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánnum sem það tekur og ábyrgðum sem það veitir. Stefna lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs í tekjum, en þó ekki ef ríkissjóður eða Reykjavíkurborg á í hlut.

Útlánaáhætta verður til með veitingu útlána. Fjárhæð útlánaáhættu kemur fram í bókfærðu verði útlánasafnsins í efnahagsreikningi. Farið er yfir lánsúmsóknir með tilliti til þess hvort lántaki uppfylli skilyrði

til lánveitingar og ennfremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsækjendum og ábyrðaraðilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál koma til kasta stjórnar, annaðhvort til ákvörðunar eða kynningar. Samkvæmt útlánareglum sem stjórnin hefur sett, takmarkast almenn útlánaheimild framkvæmdastjóra við 100 milljónir kr. og að um sé að ræða sveitarfélag í góðri fjárhagsstöðu samkvæmt nánari skilgreiningu. Að öðrum kosti fer málið til stjórnar til ákvörðunar.

Útlánaáætla sýndis takmarkast við íslensk sveitarfélög. Sveitarfélögin hafa reynst traustir greiðendur og hefur aldrei orðið tap á útláni frá því að lánasjóðurinn hóf starfsemi árið 1967. Engin vanskil voru í lok ársins 2007 og ekki hefur þurft að grípa til veðs í tekjum sveitarfélags sem tryggingu fyrir láni á árinu.

Sveitarfélögin eru nú 78 talsins en þeim hefur farið fækkandi á undanförunum árum og staða þeirra sem lántakendur gagnvart lánasjóðnum því styrkst. Nú eru 65 þeirra lántakendur hjá lánasjóðnum. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru í lögnum um aðkomu ríkisvaldsins ef fjárhagslegir erfiðleikar koma upp hjá sveitarfélagi.

Lánasjóðurinn hefur enga stóra áhættuskuldbindingu. Útlán og kröfur á stærsta lántaka sjóðsins nema um 8% af eigin fé en viðmiðið er 10% af eigin fé. Tíu stærstu lántakendurnir eru með um 60% af heildarútlánnum sjóðsins. Með vaxandi útlánastarfsemi á næstu árum má búast við að einhver hinna stærri sveitarfélaga fari yfir 10% mörkin. Hámarksáhætta á einn aðila má ekki fara upp fyrir 25% af eigin fé sjóðsins.

1.2 Áhætta vegna samningsskuldbindinga

Lánasjóðurinn er í eigu allra sveitarfélaganna, 78 talsins, og lánar hann eingöngu til sveitarfélaga og fyrirtækja sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Lánasjóðurinn hefur tryggingar fyrir lánveitingum sínum til sveitarfélaga og ábyrgðum sem þau veita, en sveitarfélögin hafa sérstaka heimild í sveitarstjórnarlögum til að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Samningsskuldbindingar lánasjóðsins eru því tryggðar af sveitarfélögnum og felst áhættan einkum í að sveitarfélögin sjálf lendi í greiðslustöðvun eða leiti nauðasamninga. Mótaðilaáhætta utan útlánaáhættu er takmörkuð við ríkissjóð og aðila með ábyrgð hans og ennfremur innlendir fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá FME, en þó ekki meira en 25% af eigin fé þeirra. Komi til áhættu á erlenda fjármálastofnun skal hún hafa lánshæfismat að lágmarki A frá að minnsta kosti einu alþjóðlegu lánshæfismatsfyrirtæki. Mótaðilaáhætta kemur til vegna fjáreigna og afleiðusamninga.

1.3 Vaxta-, verðbólgu- og gjaldeyrisáhætta

Varðandi vaxtaáhættu er stefna sjóðsins að halda sem mestu jafnvægi á milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggt lán sem fjármögnuð eru af eigin fé með breytilegum vöxtum sem lánasjóðurinn getur breytt einhliða. Lánasjóðurinn fylgist reglulega með vaxtanæmni útlána og fjármögnunar miðað við líftíma þeirra.

Stefna lánasjóðsins varðandi gjaldmiðlaáhættu er að sem mest samræmi sé milli eigna og skulda í erlendum myntum þannig að gjaldmiðlaáhætta skapist ekki. Misræmi eigna og skulda skal aldrei vera meiri en 4% af eigin fé í hverri mynt fyrir sig og ekki meiri en 6% fyrir heildargjaldeyrisjöfnuð.

1.4 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Lausafjáráhætta er hætta á að lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnun þeirra lána liggur fyrir frá fjármögnunaraðila lánasjóðsins. Þá er hluta af eigin fé haldið í ávöxtun til mjög skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og þar með sveigjanleika.

Lánasjóðurinn fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og fjárskulda til að geta örugglega endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Lánasjóðurinn þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Auk þess er fylgst með lausafjáráhættu með skýrslum um lausafjárhlutfall sem sendar eru mánaðarlega til Seðlabanka Íslands.

1.5 Rekstraráhætta

Varðandi rekstraráhættu er stefna lánasjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla varðandi alla helstu starfsþætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánssamninga. Þá hefur stefna lánasjóðsins verið að útvista skrifstofuþjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að minnka áhættu. Þá er stefnt að sem mestri samþættingu upplýsingakerfa þannig að flutningur gagna milli kerfa sé rafrænn. Rekstur

lánasjóðsins er tiltölulega einfaldur og rekstraráhætta því takmörkuð. Fjöldi viðskiptavina er takmarkaður og þeir mjög einsleitir.

1.6 Starfsmannaáhætta

Framkvæmdastjóraskipti verða um næstu áramót hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er því nú með tvo fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra og verðandi framkvæmdastjóra. Jafnframt hefur lánasjóðurinn gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmiskonar þjónustu af sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu lánasjóðsins og sambandsins. Starfsmannaáhætta lánasjóðsins felst í því að þekking flytjist ekki milli starfsmanna.

1.7 Lagaleg áhætta

Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2006 um fjármála fyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánasjóðurinn getur ekki borið neina ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda.

1.8 Áhætta tengd skuldabréfunum

Í köflum 1.9 og 1.10 hér að neðan er vikið að áhættuþáttum sem skipta máli fyrir þau verðbréf sem grunnlýsing þessi nær til, svo meta megi markaðsáhættu sem tengist þeim. Kaup á skuldabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting og er fjárfestum ráðlagt að kynna sér efni grunnlýsingarinnar af kostgæfni. Fjárfestum er bent á að kynna sér þessi gögn. Fjárfestum er enn fremur ráðlagt að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með skuldabréf lánasjóðsins. Fjárfestum er jafnframt bent á að leita sér nánari upplýsinga og ráðgjafar sérfræðinga ef þeir þarfnast ítarlegri útlistunar á áhættuþáttum.

Að mati útgefanda kunna eftirfarandi áhættuþættir að hafa mestu áhrif á getu hans til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt skuldabréfum í þessum flokki. Að mati útgefanda ríkir óvissa um þessa áhættuþætti og þá með hvaða hætti þeir kunni að hafa áhrif á útgefanda eða getu hans til þess að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt skuldabréfum í skuldabréfaflokki þessum. Með því að tiltaka þessa áhættuþætti er útgefandi ekki að meta líkindi þess að þeir áhættuþættir sem tilteknir eru í grunnlýsingu þessari eigi sér stað eða ekki.

1.9 Endurgreiðsluáhætta

Lánasjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnréttáar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda.

Í tengslum við útgáfu skuldabréfanna hefur lánasjóðurinn ekki tekist á hendur frekari skyldur sem takmarka heimildir hans til frekari lántöku, þar með talið til töku lána sem eru jafnréttá og skuldabréfin.

1.10 Markaðs- og seljanleikaáhætta

Markaðsáhætta: Fjárfesting í skuldabréfunum getur falið í sér vaxtaáhættu vegna þess að ef ávöxtunarkrafa á markaði hækkar getur það leitt til lækkunar á mati fjárfesta á verðmæti skuldabréfanna og að sama skapi ef ávöxtunarkrafa á markaði lækkar getur það valdið því að fjárfestar hækka mat sitt á verðmæti skuldabréfanna.

Seljanleikaáhætta eða lausafjárahætta: Ávallt er fyrir hendi sú áhætta að ekki sé unnt að selja skuldabréfin þegar fjárfestar vilja selja. Áhættan felst í skorti á framboði eða eftirspurn á markaðnum, þ.e. aðilar á markaði eru hvorki tilbúnir til að kaupa né selja það magn skuldabréfa, né á því verði sem til stendur að selja eða kaupa, t.d. ef kaupendur eru fáir eða hreinlega ekki til staðar. Unnið er að gerð samninga um viðskiptavakt með skuldabréfin en þeir samningar liggja ekki fyrir og ekkert frágengið með fyrirkomulag þeirra.

Uppgjörsáhætta: Sú áhætta er til staðar að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með sama hætti og vænst var til vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.

Vörsluáhætta: Sú áhætta sem er fólgin í því að eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna að hálfu vörslufyrirtækis.

Ytri aðstæður: Ýmis atvik, s.s. ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand, geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Einnig getur ný eða breytt lögjöf, reglur eða reglugerðir sem stjórnvöld setja eða skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft áhrif á verðmat fjárfesta á skuldabréfunum.

2 ÁBYRGIR AÐILAR

2.1 Útgefandi

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

2.2 Yfirlýsing útgefanda

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, fyrir hönd útgefanda, nafngreindir hér að neðan, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem grunnlýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Jafnframt er útgefandi umsjónaraðili með töku skuldabréfanna til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf.

Reykjavík, 28. október 2008
f.h. Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður

Þorsteinn Þorsteinsson
framkvæmdastjóri

2.3 Yfirlýsing endurskoðanda

Ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir árið 2007 var endurskoðaður af PricewaterhouseCoopers hf. Fyrir hönd endurskoðunaraðila lýsa undirrituð því yfir að reikningarnir gefa glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga. Ársreikningur félagsins vegna ársins 2007 fylgdi IFRS staðli 1, um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, þar sem þetta var í fyrsta sinn sem ársreikningur félagsins var gerður eftir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Samanburðarfjárhæðum vegna ársins 2006 í ársreikningi félagsins fyrir árið 2007 hefur verið breytt vegna þessa, nema þar sem annað er sérstaklega tekið fram.

Samandreginn árs hlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga 30. júní 2008, sem einnig inniheldur samanburðartölur við árið 2007, var kannaður af PricewaterhouseCoopers hf. Í þeirri könnun kom ekkert fram sem benti til annars en að reikningurinn væri í öllum meginatriðum í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34.

Reykjavík, 28. október 2008
f.h. PricewaterhouseCoopers hf.
Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík

Sigurður B. Arnþórsson
löggiltur endurskoðandi

Sigrún Guðmundsdóttir
löggiltur endurskoðandi

3 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Grunnlýsing þessi er gerð til að koma á framfæri upplýsingum vegna fyrirhugaðrar töku skuldabréfa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík, til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf. og koma skulu fram í grunnlýsingu og endanlegum skilmálum skv. IV og V. viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Tilgangurinn er m.a. að koma á framfæri þeim upplýsingum sem áskildar eru skv. reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga í NASDAQ OMX Iceland hf. og fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að geta myndað sér skoðun á fjárfestingu í skuldabréfum sem fyrirhugað er að sækja um töku til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf. á grundvelli grunnlýsingar þessarar og endanlegum skilmálum skuldabréfanna sem verða útgefin af Lánasjóði sveitarfélaga.

Útboð, skráning og taka skuldabréfa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. til viðskipta fer fram samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum, þ.m.t. lögum nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti og í grunnlýsingu vísu „sjóðurinn“ og „lánasjóðurinn“ til Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. Ekki er áformað að óska eftir að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á öðrum mörkuðum.

Ekki er heimilt að dreifa grunnlýsingu til landa þar sem slík dreifing er ólögleg eða brýtur í bága við reglur hjá opinberum eftirlitsaðilum í viðkomandi landi.

NASDAQ OMX Iceland hf. hefur staðfest þessa grunnlýsingu.

4 SKJÖL TIL SÝNIS OG SKJÖL FELLD INN MEÐ TILVÍSUN

Útgefandalýsing Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. frá 27. maí 2008 er hér með felld inn í grunnlýsingu þessa með tilvísun. Útgefandalýsinguna má nálgast hjá útgefanda að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, eða á heimasíðu hans: www.lanasjodur.is, á meðan grunnlýsing þessi er í gildi.

Samandreginn árs hlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. frá 30. júní 2008 er hér með felldur inn í grunnlýsingu þessa með tilvísun. Árs hlutareikninginn má nálgast hjá útgefanda að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, eða á heimasíðu hans: www.lanasjodur.is, á meðan grunnlýsing þessi er í gildi.

5 UPPLÝSINGAR UM SKULDABRÉFIN

5.1 Upplýsingar um útgefanda

Útgefandi skuldabréfanna er Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík (hér eftir nefndur „sjóðurinn“ eða „lánasjóðurinn“). Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2002 um fjármála fyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Markmið sjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum og fyrirtækjum þeirra lánsfé á hagstæðum kjörum, meðal annars með lántökum.

5.2 Samþykki skuldabréfaútgáfunnar

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. heimilaði á fundi sínum þann 10. október 2008 útgáfu skuldabréfa sem næmu allt að 15.000.000.000 ISK að nafnvirði. Stefna stjórnarinnar er að auka við þessa heimild á næstu árum ef eftirspurn verður eftir skuldabréfunum og til að afla fjár til endurlána til sveitarfélaga á næstu árum.

5.3 Tilgangur útgáfunnar

Tilgangur sölu skuldabréfanna er að afla fjár til endurlána til sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra.

5.4 Endanlegir skilmálar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

LSS150224

Skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri 28. október 2008, skv. IV. og V. viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir skuldabréfin sem hér er lýst að því er varðar grein 5.4 í tilskipuninni og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu og endanlegum skilmálum. Grunnlýsingu útgefanda má nálgast á starfsstöð útgefanda og á heimasíðu hans, sem er: www.lanasjodur.is

Útgefandi

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

Ábyrgð útgefanda

Lánasjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnrétt háar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda

Auðkenni	LSS150224.
ISIN númer	IS0000018869.
Tilgreind mynt	ISK.
Nafnverð	ISK [•].
Áður útgefið og selt	ISK [•].
Stærð flokks skv. nógildandi heimild	ISK [•] að nafnvirði.
Dagaregla	30E/360.
Nafnverðseiningar	ISK 1.
Útgáfudagur	[•]
Fyrsti vaxtadagur	29. október 2008.
Tegund bréfs	Verðtryggt jafngreiðslubréf.
Vextir	3,75% fastir verðtryggðir ársvextir.
Tíðni afborganna og vaxta	Tvisvar á ári, 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert.
Fyrsta greiðsla	15. febrúar 2009.
Fjöldi vaxtagreiðslna og afborgana	31.
Lokagjalddagi	15. febrúar 2024.
Verðtrygging og grunnvísitala	Skuldabréf þetta er bundið vísitölu neysluverðs til verðtryggingar (VNV). Grunnvísitala bréfanna er 312,8 (VNV október 2008).
Ávöxtun á söludegi	Ávöxtunarkrafa dags. [•] var [•] og sölugengi [•].
Útreikningur ávöxtunar	Ávöxtunarkrafa er sú ávöxtun sem þarf að nota við virðisútreikning greiðsluflæðis bréfanna svo að verðmæti greiðsluflæðisins sé jafnt söluverðinu.
Taka til viðskipta	Skuldabréf að fjárhæð [•] að nafnvirði verða tekin til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. þann [•].
Uppgreiðsluheimild	Engin uppgreiðsluheimild er á skuldabréfunum.
Víkjandi ákvæði	Engin víkjandi ákvæði fylgja skuldabréfunum.
Hlunnindi	Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á skuldabréfunum.
Verðbréfamiðstöð	Verðbréfaskráning Íslands hf., Laugavegi 182, Reykjavík.

Skuldabréf í flokknum hafa þann [•] verið seld til fagjáfresta gegn staðgreiðslu. Frekari útgáfur verða seldar fagjáfrestum gegn staðgreiðslu í lokuðum útboðum. Umsjónaraðili sölunnar er Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Lánasjóðurinn greiðir þóknun til þeirra sem taka þátt í útboðum sjóðsins sem nemur [•%] af markaðsvirði þess sem viðkomandi kaupir í hverju útboði fyrir sig. Lánasjóðurinn greiðir einnig kostnað sem nemur um ISK [•] vegna rafrænnar skráningar skuldabréfanna hjá Verðbréfaskráningu Íslands ásamt árlegu gjaldi sem

nemur [%] af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Ennfremur greiðir Lánasjóður sveitarfélaga ISK [•]fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. ásamt árlegu gjaldi sem nemur [%]af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni.

Verðmæti skuldabréfanna miðað við sölugengi er alls ISK [•]. Að frádreginni þóknun til þeirra sem tóku þátt í útboðinu og annars kostnaðar er nettósöluandvirði útgáfunnar [•].

Ábyrgð

Útgefandi ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann [•]:

sem hefur til þess fullt umboð

5.5 Ítarupplýsingar um skuldabréfin

FYRNINGARÁKVÆÐI	Kröfur samkvæmt skuldabréfunum fyrnast í samræmi við lög nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Samkvæmt 5. gr. laganna fyrnast afborganir af höfuðstól á 10 árum frá gjalddaga, en kröfur um vexti og verðbætur fyrnast á 4 árum frá gjalddaga.
VIÐTÖKUDRÁTTUR OG VANSKIL	Verði vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta af skuldabréfunum er heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Ber þá að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfældri fjárhæð samkvæmt framanrituðu. Þegar skuldin er í gjalddaga fallin skv. framansögðu má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar án undangengis dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta, kostnaðar af kröfu, málskostnaðar eða innheimtukostnaðar, endurgjaldskostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustuaðgerðum.
FRAMSAL	Engar hömlur eru á endursölu skuldabréfanna. Skuldabréfin skulu við eigendaskipti framseld til nafngreindra aðila. Skuldabréfin eru rafrænt skráð og þurfa eigendur að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf.
SKATTAMÁL	Um skattalega meðferð skuldabréfanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Lánasjóðurinn ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti af vaxtagreiðslum skuldabréfanna sé skilað til ríkissjóðs, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.
STIMPILGJALDASKYLDA	Skuldabréfin eru undanþegin stimpilgjaldi, sbr. 115. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálaþyrntæki.
MEÐFERÐ ÁGREININGS	Rísi mál út af skuldabréfi þessu má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991.

6 VEDHÆFI ÚTGÁFUNNAR HJÁ SEÐLABANKA ÍSLANDS

Fyrir liggur yfirlýsing frá Seðlabanka Íslands um að hann fallist á ósk lánasjóðsins um að skuldabréf sjóðsins í nýjum skuldabréfaflokkum verði vedhæf hjá bankanum. Seðlabankinn setur það skilyrði að flokkurinn verði yfir ISK 3 milljarðar að markaðsverðmæti.

7 FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR

7.1 Þróun fjárhags og afkomu 2006-2007

Hér á eftir er sýndur rekstrarreikningur fyrir rekstrarárið 2007 ásamt samanburði við árið 2006 og ennfremur efnahagsreikningur 31. desember 2007 með samburði við 31. desember 2006.

Samandreginn rekstrarreikningur árið 2007 með samanburði við árið 2006

ISK	2007	2006
Vaxtatekjur	3.378.805.797	2.650.414.040
Vaxtagjöld	(1.993.546.983)	(1.512.352.059)
Hreinar vaxtatekjur	1.385.258.814	1.138.061.981
Gjöld vegna veltufjáreigna	(446.281.319)	(24.675.345)
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindar á gangvirði	143.857.861	135.716.511
Hreinn gjaldeyrismunur	205.898.045	9.432.630
Aðrar rekstrartekjur	(96.525.413)	120.473.796
Hreinar rekstrartekjur	1.288.733.401	1.258.535.777
Laun og launatengd gjöld	25.835.854	28.103.797
Annar rekstrarkostnaður	42.429.487	34.431.651
Afskriftir	1.195.628	1.195.627
Almennur rekstrarkostnaður	69.460.969	63.731.075
Hagnaður ársins	1.219.272.432	1.194.804.702

Samandreginn efnahagsreikningur 31. desember 2007 með samanburði við árið 2006

Eignir	2007	2006
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	105.097.908	0
Kröfur á lánastofnanir	988.949.057	1.028.782.960
Útlán og kröfur	39.267.226.724	31.691.855.064
Veltufjáreign - afleiður	97.997.275	0
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	1.213.839.461	1.188.998.702
Rekstrarfjármunir	54.998.863	56.194.491
Aðrar eignir	5.140.905	791.242
Eignir samtals	41.733.250.193	33.966.622.459
Skuldir		
Verðbréfaútgáfa	18.941.497.745	13.711.039.141
Aðrar lántökur	10.313.345.837	8.245.604.050
Veltufjárskuld - afleiður	128.225.438	136.796.238
Skuld við sveitarfélög	2.250.000.000	3.000.000.000
Aðrar skuldir	5.629.437	1.102.453
Lífeyrisskuldbinding	46.540.415	43.341.688
Skuldir samtals	31.685.238.872	25.137.883.570
Eigið fé		
Hlutafé	5.000.000.000	0
Lögbundinn varasjóður	1.250.000.000	0
Óráðstafað eigið fé	3.798.011.321	8.828.738.889
Eigið fé samtals	10.048.011.321	8.828.738.889
Skuldir og eigið fé samtals	41.733.250.193	33.966.622.459

7.2 Árshlutareikningur 30. júní 2008

Afkoma lánasjóðsins á fyrri hluta ársins 2008 var yfir væntingum og var tekjuafgangur 1.163 m.kr. á móti 682 m.kr. fyrir sama tímabil fyrra árs. Útlán sem fjármögnuð eru með eigin fé eru verðtryggð og hefur hækkun vísitölu neysluverðs því áhrif á afkomuna til hækkunar. Vextir af þeim lánum voru lækkaðir 1. apríl 2008 úr 5,95% í 5,0% og aftur 1. október í 4,25%. Ávöxtun á lausu fé var góð vegna hárra skammtífavaxta á markaði.

Samþykktar lánveitingar á fyrri hluta ársins 2008 voru 10,5 ma.kr., en útborguð langtímalán voru 6,3 ma.kr. Á tímabilinu gaf sjóðurinn út skuldabréf að fjárhæð 2,3 ma.kr. á innlendum skuldabréfamarkaði og tók að láni 45 m EUR hjá erlendum aðilum.

Eigið fé í lok tímabilsins var 11,2 ma.kr. á móti 10,0 ma.kr. í árslok 2007. Vegið eiginfjárlutfall, svonefnt CAD-hlutfall, var í lok tímabilsins 112,0% skv. eldri reglum en 86,6% samkvæmt hinum nýju Basel II reglum. Ný eiginfjárfrafa vegna rekstraráhættu hefur neikvæð áhrif á hlutfallið, en sú krafa er reiknuð á grundvelli hreinna rekstrartekna síðustu þriggja ára, en þær eru tiltölulega háar hjá sjóðnum vegna sterkrar eiginfjárstöðu.

Fjárhagslegar upplýsingar fyrir árin 2006-2008

Rekstur tímabils m.kr.	1H2008	1H2007	2007	2006
Hreinar vaxtatekjur	1.698,1	597,2	1.385,3	1.138,8
Aðrar rekstrartekjur	(494,9)	115,0	(96,5)	120,5
Almennur rekstrarkostnaður	40,5	30,4	69,5	63,7
Hagnaður tímabilsins	1.162,7	681,8	1.219,3	1.194,8

Efnahagur í lok tímabils m.kr.	30.06 2008	31.12 2007	31.12 2006
Útlán	44.316,5	39.267,2	31.691,9
Aðrar eignir	4.800,0	2.466,1	2.274,7
Langtímaskuldir	35.430,2	29.254,8	21.956,6
Aðrar skuldir	2.475,6	2.430,4	3.181,3
Eigið fé	11.210,7	10.048,0	8.828,7
CAD-hlutfall	112,0%	112,3%	120,1%
CAD-hlutfall Basel II	86,6%	-	-

7.3 Breyting á fjárhagsstöðu eftir 30. júní 2008

Lánasjóðurinn hefur notað skiptasamninga til að stýra gjaldeyrisstöðu sinni og koma í veg fyrir gjaldeyrisáhættu og hefur í því sambandi gert samninga við einn innlendan viðskiptabanka. Í skýringu 14 á bls. 12 í samandregnum árshlutareikningi 30. júní 2008 kemur fram að eign lánasjóðsins í slíkum samningum er 509.552.846 ISK en skuld 175.119.912 ISK. Líklegt má telja að nettóeign skv. samningunum geti orðið almenn krafa í þrotabú viðkomandi banka og komi því til lækkunar á hagnaði lánasjóðsins á síðari hluta ársins 2008. Nettóeignin fer hækkandi með lækkandi gengi ISK og hefur því hækkað frá árshlutauppgjörinu 30. júní 2008.

Eigi að síður er gert ráð fyrir að hagnaður lánasjóðsins fyrir árið 2008 verði nokkuð meiri en var á árinu 2007.

Þá má einnig gera ráð fyrir að aðgangur lánasjóðsins að erlendum lánsfjármörkuðum verði lakari í næstu framtíð en hann hefur verið og að erlent lánsfé verði á óhagstæðari kjörum. Þetta mun hafa neikvæð áhrif á getu sjóðsins til að tryggja sveitarfélögunum lánsfé á hagstæðum kjörum. Líklegt er að lánasjóðurinn verði vegna þessa háðari innlendum lánsfjármarkaði um lánsfjárflokkun en áður var.